



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Apríl 2015

Við
þökkum
foreldrum,
starfsfólki
skólans
og nemendum
gott samstarf
á starfsárinu.

Kveðja,
stjórnin



Fundarboð

Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla verður haldinn miðvikudaginn 20. maí kl: 20:00. Fundurinn verður haldinn í Fjallasal, Sunnulækjarskóla.

Dagskrá aðalfundar eru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Dagskrá fundarins:

- 1. Skýrsla stjórnar. Farið yfir starf skólaársins 2014 – 2015.**
- 2. Ársreikningur lagður fram.**
- 3. Tillaga að lagabreytingu*.**
- 4. Kosningar í stjórn.**
- 5. Önnur mál.**
- 6. Miklill hlátur og smá grátur.**

Arndís Halla Jóhannesdóttir

Markþjálfari og þroskaþjálfari

heldur fyrirlestur sem hugsaður er til að vekja fólk til umhugsunar um að öll höfum við val um hvernig við bregðumst við því sem við þurfum að takast á við í lífinu, hvort heldur sem er í vinnu eða einkalífi og hvort sem viðfangsefnini eru stór eða lítil.



Núna er þitt tækifæri til þess að hafa áhrif? Nokkur sæti laus í stjórn!

Við undirritaðar munum ekki gefa kost á okkur í stjórn Foreldrafélagsins á næsta tímabil. Það hefur verið sérlega ánægjulegt og lærdómsríkt að starfa í þessu öflugra foreldrafélagi í góðum félagsskap. Við hvetjum foreldra til að taka þátt og bjóða sig fram í stjórn félagsins. Fundir eru haldnir á um það bil tveggja mánaða fresti og starfið er létt og skemmtilegt. Foreldrasamfélagið í Sunnulækjarskóla saman stendur af u.þ.b. 600 foreldrum og forráðamönnum og eru allir kjörgengir í stjórn félagsins.

Ef þið hafið áhuga eða eruð forvitin um starfið endilega hafið samband við við Aðalbjörgu í síma: 820-6882, tölvupóstur: abbaskul4@gmail.com eða Hönnu Rut í síma: 867-2511.

Þökkum foreldrum og starfsmönnum skólans fyrir frábært samstarf,
Aðalbjörg, Hanna Rut og Raket.

*Tillaga að lagabreytingu Foreldrafélags Sunnulækjarskóla. Lögð fram á aðalfundi 20. maí 2015.

4. grein varðandi Aðalfund og stjórn er nú;

„Aðalfund foreldrafélagsins skal boða að hausti eigi síðar en í lok október ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundaboði skal kynna efni hans ásamt lagabreytingum. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála þó sbr. 8. Gr.

Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn og varamaður annað árið og þrír stjórnarmenn og varamaður hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi þannig að hún sé skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Stjórnin heldur fundi einu sinni á önn og oftast ef þurfa þykir. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur verkáætlun í samráði við þær.“

4. grein varðandi Aðalfund og stjórn verði þannig;

„Aðalfund foreldrafélagsins skal boða að **vori** eigi síðar en í lok **maí** ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni hans ásamt lagabreytingum. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála þó sbr. 8. gr.

Stjórnin heldur fundi einu sinni á önn og oftast ef þurfa þykir. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur verkáætlun í samráði við þær.

Meðal verkefna aðalfundar eru:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár (skólaár).*
- Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár, lagðir fram af gjaldkera, endurskoðaðir af tveimur öðrum stórnarmönnum.*
- Lagabreytingar, ef slíkar tillögur liggja fyrir fundinum. Sjá nánar í 8. gr.*
- Kosningar: 5 í stjórn félagsins, til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn og varamaður annað árið og þrír stjórnarmenn og varamaður hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi þannig að hún sé skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda.“*

